

Reglugjörð

36
29. marz

um girðingar,

samkvæmt lögum 30. júlí 1909.

1. gr.

Virgirðing skal vera að minsta kosti 42 þumlungar á hæð. Virinn skal vera galvaníseraður, svo og naglar þeir og kengir eður annað, sem virinn er festur með við stuðlana. Gaddavír skal vera fjóryddur og ekki meira en 5 þumlunga bil milli gadda.

2. gr.

Virgirðing á jafnsléttu skal vera með 5 strengjum. Neðsti strengurinn skal vera 6 þumlunga frá jörðu, annar 13 þuml., þriðji 21 þuml., fjórði 30 þuml. og fimti 42 þuml. frá jörðu.

3. gr.

Þegar virgirðing er gjörð á jafnsléttu, skal jafna landið vel undir virinn. Séu hæðir nokkrar svo nærri girðingunni, að skepnur geti stokkið af þeim yfir hana, þá skal nema þær burtu.

4. gr.

Garð má hlaða undir virinn og skal hann vera 2 eða 3 fet á hæð. Ef garðurinn er 3 fet á hæð, skulu vera 2 strengir ofan á garðinum; en ef hann er 2 fet á hæð, skulu strengirnir vera þrír. Þar sem strengirnir eru þrír, skal neðsti strengurinn vera 5 þuml. frá garðinum, annar strengurinn 11 þuml. og þriðji 20 þuml. Þar sem strengirnir eru tveir, skal neðri strengurinn vera 5 þuml. frá garðinum, en efri strengurinn 13 þuml.

5. gr.

Ef skurður er gjörður til varnar, skal hann vera 6—7 fet á breidd að ofan, tvístunginn eða dýpri, rofinu hlaðið upp í garð á innri brún skurðarins og garðurinn þakinn að utan og ofan. Skal hann vera 2 eða 3 fet á hæð og tveir eða þrír gaddavírsstrengir ofan á honum. Fer um tölu strengjanna og millibili þeirra svo sem segir í 4. gr.

6. gr.

Stuðlar, sem virinn er festur á, skulu vera með ekki meira en $2\frac{1}{2}$ faðms millibili, hvort sem girðingin er á jafnsléttu eða garður hlaðinn undir virinn.

36

29. marz

7. gr.

Heimilt er að nota stuðla bæði úr tré og járn. Skulu þeir vera sterkir og úr góðu efni. Járnstuðlar allir skulu vera galvaníseraðir. Þeir skulu annaðhvort vera gerðir til þess að standa í jörðu, 65 fet á lengd í fimmstrengjagirðingu, eða til að festast í steina, 44 þuml. Ef garður er hlaðinn undir vírinn samkvæmt 4. gr., mega stuðlar til að standa í garðinum ekki vera styttri en 36 þuml., þegar strengirnir eru tveir, eða 48 þuml. þegar strengirnir eru þrír.

8. gr.

Máttarstólpar, sem ætlaðir eru til að strengja vírinn við og styðja girðinguna, skulu allir standa niður úr klaka, nema þeir séu festir í steina, er geta eigi haggast. Þeir máttarstólpar, sem eru þar sem girðingin beygist inn eða út, upp eða niður, eða eru á enda girðingar, eða við hlið, skulu vera miklu sterkari en þeir stuðlar eða stólpar, sem eingöngu eru ætlaðar til stuðnings girðingunni, og skulu vera svo vel festir, að þeir haggist ekki, hversu mikið sem reynir á girðinguna.

Vírinn skal jafnan vera vel strengdur.

9. gr.

Girðing má ekki setja nær alfaravegi en svo, að full 1 alin sé milli vegarjaðarsins og girðingarinnar. Gaddavírsgirðing má ekki setja nær alfaravegi en svo, að 6 álnir séu frá vegarjaðrinum til girðingarinnar. — Eigi má nota gaddavír í traðir eða meðfram heimilisvegum eða heimreiðum, nema 3 feta garður sé hlaðinn undir vírinn.

Þar sem bannað er að nota gaddavír má hafa sléttan vír, en ella skal hvervetna hafa gaddavír til girðinga nema stjórnarráðið hafi í það skiftið leyft aðra tilhögun.

10. gr.

Á öllum girðingum yfir vegi skulu vera nauðsynleg hlið, og skal svo um búið, að auðvelt sé að opna þau og loka þeim. Þá er hliði er lokað, skal hvorki sauðfé, geitfé né stórgripir geta komist um þau.

Í stjórnarráði Íslands, 29. marz 1910.

Björn Jónsson.

M. Guðmundsson
aðstm.